

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun og viðhaldsgjald götulýsingar.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Raveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 699, 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

10. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Fóðurmjöl og hey, svo og annað dýrafóður, þó ekki ef vörur þessar eru seldar í smásöluumbúðum og innihald með umbúðum vegur eigi yfir 5 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, öðlast gildi 1. maí 1984.

Fjármálaráðuneytið, 24. apríl 1984.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.